



Mýrdalshreppur



Húsakönnun, Bakkar og Fit, Vík í Mýrdal.

Urban arkitektar | Maí 2023

**U R B A N
A R K I T
E K T A R**

Efnisyfirlit

Formáli.....	1
Afmörkun húsakönnunar og aðkoma.....	2
Skipulagsleg staða	3
Byggðakönnun, uppbygging hverfanna.....	3
Húsaskrá/heimildir	6
Friðuð hús og mannvirki.....	7
Varðveislumat	9
Heimildaskrá.....	11
Ljósmyndir	11
Húsakönnun, yfirlit	12

Formáli

Húsakönnun þessi nær til hverfanna Bakkar og Fit í Vík og er skráning á þeim mannvirkjum sem eru innan svæðisins ásamt greining á hinu byggða umhverfi og heildarsvip hverfanna.

Húsakönnunin er unnin í samræmi við skipulagslög nr.123/2010, þar sem segir : „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“

Tilgangur húsakannanna er að skrá þau mannvirki sem eru innan skipulagssvæðisins og tryggja að ákvarðanir er varða breytingar á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á gildi þeirra fyrir umhverfi sitt og til framtíðar.

Þá er er lagt mat á ýmsa þætti sem snertir hið byggða umhverfi s.s. götummynda og þyrpingar húsa. Mannvirkin eru skoðuð m.t.t. varðveislugildis þeirra sem byggir á byggingarlistarlegu-, menningarsögulegu og umhverfis gildi ásamt upprunalegu gildi þeirra og ástandi þeirra. Við mat á ástandi húsa er sjónrænu mati beitt.

Húsakönnun þessi byggir á eldri húsakönnun frá árinu 1999 sem unnin var af Götu efh arkitektabjónustu, en sú könnun nær til húsa sem byggð eru fyrir 1950. Ekki er til samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið nema að litlum hluta, en unnin verður deiliskipulagstillaga þegar húsakönnun ásamt fornleifaskráningu liggur fyrir.



Bakkar, ágúst 2022


Afmörkun húsakönnunar og aðkoma

Húsakönnunin nær til tveggja hverfa. Eru það Bakkar sem afmarkast af Austurvegi í norðri, Víkurbraut (húsnúmer 2-14) og Bakkabraut. Aðkoma að svæðinu er frá Austurvegi á tvo vegu.

Innan svæðisins eru 33 hús þar af átta sem falla undir lög um menningarminjar. Flest húsanna eru byggð á árunum 1970 – 1990, yngsta húsið er frá árinu 2019 og það elsta frá 1910.

Fit liggur neðar í landi á sléttlendi og afmarkast hverfið af Víkurbraut, Ránarbraut og Mánabraut.

Aðkoma að svæðinu liggur um Austurveg inn Víkurbraut. 35 hús eru innan svæðisins, íbúðarhús og þjónustubyggingar. Fjögur hús falla undir lög um menningarminjar innan hverfisins og eru með elstu húsunum í Vík frá árunum kringum 1910. Næsta byggingarskeið hverfisins er á árunum kringum 1945, en segja má að hverfið hafi verið í byggingu síðan þá með hléum, en greina má hvert byggingar tímabil fyrir sig þegar farið er um hverfið.



Skýringarmynd er sýnir afmörkun hverfanna sem húsakönnunin nær til.

Skipulagsleg staða

Samkvæmt ákvæðum aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012 – 2028, k.4. er fjallar um byggð gilda eftirfarandi markmið og áherslur:

- Tryggja nægt framboð íbúðarhúsaloða
- Gerð íbúðarhúsa verði í samræmi við það sem þegar er í Vík
- Íbúðarsvæði falli ávallt sem best að náttúrulegu umhverfi

Hverfið Bakkar er íbúðarsvæði að frátalinni lóðinni við Mýrarbraut 13 sem skilgreind er sem verslunar- og þjónustusvæði. Fit eru að mestum hluta íbúðarsvæði en innan hverfisins eru lóðir sem falla undir svæði fyrir þjónustustofnanir sem og verslunar og þjónustusvæði.


Byggðakönnun, uppbygging hverfanna.

Hér áður fyrr var Mýrdalurinn eitt af fátækari héruðum landsins bæði sökum smæðar og einangrunar. Flestir bændur voru fátækir leiguliðar og í raun fáir ábúendur sem voru sjálfseignarbændur. Á þeim tíma voru margar jarðirnar klaustursjarðir sem féllu síðan í konungseign við siðaskiptin 1550.

Til eru lýsingar úr Ferðabók Eggerts Ólafssonar frá árinu 1756 á þeirri byggð sem var í Vík á þessum tíma. Vakti það athygli Eggerts hvernig húsunum var skipað og margir bæir reistir saman á einni jörð. Á slíkum fjölbýlisjörðum voru gjarnan þrjár, sex eða níu bæir og mynduðu saman því sem líktist einna helst litlum þorpum. Lýsing Eggerts sýnir fram á hvernig bændur í Mýrdal bjuggu í nálægð við hvor annan og að mikil samvinna hafi verið þar á milli.

Árið 1883 hófu Víkurbændur, Halldór Jónsson frá Suður-Vík og Þorsteinn Jónsson frá Norður-Vík að stunda verslun sem átti eftir að hafa áhrif á byggðarlag Mýrdals þar sem byggð tók að myndast í kringum hina nýju atvinnugrein í takt við vöxt hennar.

Víkurborp byggðist fremur tilviljanakennt líkt og margir aðrir staðir, þar til skipulagslög gengu í gildi. Eignarhald jarðanna var að mestu í höndum Víkurbænda, eigendum jarðanna Norður- og Suður-Víkur, og keyptu menn sér eða leigðu lóðir af þeim og hófust síðan handa við að byggja á viðkomandi lóð. Árið 1970 var gerð aðalskipulags fyrir Vík lokið og var það staðfest af skipulagsstjóra ríkisins hinn 22. apríl s.á. Um leið og þegar byggð hús innan Víkur voru skjalfest, gerði aðalskipulagið jafnframt nokkuð vel grein fyrir þeirri framtíðaruppbyggingu sem vænta mátti.



Hlutamynd úr gömlum uppdrætti aðalskipulagsin Vík í Mýrdal '75 - '95.

Bakkar

Á árunum kringum 1920 hefst uppbygging Bakka þegar byggðin fíkrar sig upp frá Víkurbrautinni þar sem elsti hluti bæjarkjarnans stendur enn í dag. Elstu húsin í hverfinu standa við Bakkabraut byggð á árunum 1910 – 1927. Bakkar hafa byggst upp yfir nokkra áratugi og einkennist byggingarstíll hverfisins því af þeim straumum og stefnum sem oft voru ríkjandi á hverjum áratug fyrir sig. Húsin eru flest ein- og tvílyft og greina má timburhús í bland við steinsteypt af ólíkum toga bæði í formi og efnisvali innan hverfisins. Innan Bakka má því finna timburhús af einfaldri gerð og annað íbúðarhús þar sem ólíkir byggingarstílar mætast í sömu byggingunni. Í tímans rás hafa mörg húsanna tekið breytingum og endurbótum frá upphaflegri gerð sem endurspeglar þarfir húseigenda hverju sinni.

Við mótun íbúðarhúsanna hefur verið tekið mið af landslagi þar sem kjallari er t.d. undir hluta hússins og með því er landhalli nýttur. Þetta á sér í lagi við um Bakkabraut þar sem ágætis samhljómur er milli bygginga hvað varðar mælikvarða og hlutföll. Lóðir eru almennt stórar og byggðin gysin þar sem gott rými er milli húsanna og grænir ásar teygja sig á milli þeirra. Hverfið liggur í halla, líkt og nafn þess bendir til, og setur það svip á götur og garða.



Bakkabraut ágúst 2022

Fit

Fit liggur neðar í landi og er á sléttlendi út mót hafi. Elsti hluti hverfisins liggur í kverkinni upp við Bakka við fyrstu götu bæjarins, Víkurbraut. Þar má finna hús frá árunum kringum 1910. Elstu húsin innan hverfisins eru mörg hver tvílyft timburhús og kallast ágætlega á við hin steinsteyptu íbúðarhús við Víkurbraut frá 1945. Önnur hús hverfisins eru nær öll einlyft og einkennandi eru mænis – eða einhalla þök. Parhús hafa lengi vel verið algeng í Vík og hafa verið nefnd Víkurparhús, nokkuð er um þessa húsagerð innan hverfisins.

Hverfið byggist upp í áföngum yfir nokkra áratugi þar sem ólík byggingartímabil eru ríkjandi. Tekist hefur að halda mælikvarða byggðarinnar gegnum vaxtarskeið hverfisins sem gefur því ákveðin heildar blæ. Fitin einkennast af breiðum götum þar sem mörg húsanna liggja innarlega á stórum lóðum og langt er á milli þeirra sem hefur áhrif á götumyndir sem virka slitróttar. Innan hverfisins eru að finna nokkur hús sem standa aðeins þéttar, bygg á svipuðum tíma og kallast á í formi og efnisvali (Mánabraut 4 – 8, Víkurbraut 2-6). Mynda þau saman góða heild.

Skipta má hverfinu gróflega niður í nokkur byggingarskeið þar sem hluti íbúðarhúsanna eru frá árunum kringum 1945 og 1953- 1957. Næsta uppbygging hefst aftur á árunum 1968 – 1977 og nýjustu húsin innan hverfisins eru byggð á árunum 2006- 2007.



Götumynd Sunnubrautar.



Götumynd Mánabrautar.

Húsaskrá/heimildir

Hvorki er til húsaskrá fyrir hús í Vík í Mýrdal né heimildir um brunavirðingar húsa. Helstu heimildir um elstu hús þorpsins má finna í greinum sem birtust í riti Vestur-Skaftfellinga, Dynskógum, bindi 1 og 4, eftir Jón Thor Haraldsson og Eirík E. Sverrisson.



Fit, ágúst 2022

Friðuð hús og mannvirki

Innan hverfanna (Fit, Bakkar) eru nokkur hús sem falla undir lög um menningarminjar. Þau eru eftirfarandi:

- Bakkabraut 1, einbýlishús byggt árið 1920.
- Bakkabraut 2, Bjarg, byggt árið 1912/1920.
- Bakkabraut 3, einbýlishús byggt árið 1922.
- Bakkabraut 5, byggt árið 1920. (Húsnúmer 7 skv. deiliskipulagi).
- Bakkabraut 6A, tvíbýlishús byggt árið 1920. (Húsnúmer 5 skv. deiliskipulagi).
- Bakkabraut 7, Fagrabrekka, byggt árið 1920. (Húsnúmer 9 skv. deiliskipulagi).
- Bakkabraut 12, byggt árið 1922. (Húsnúmer 10 skv. deiliskipulagi).
- Bakkabraut 12A, tvíbýlishús byggt árið 1922. (Húsnúmer 12 skv. deiliskipulagi).
- Víkurbraut 8. Barnaskólinn – Barnaskólahúsið, byggt árið 1910.
- Víkurbraut 10, Vatnsdalur, , byggt árið 1911.
- Víkurbraut 12, byggt árið 1911.
- Víkurbraut 14, byggt 1909.





- Skipulagsmörk, mörk húsakönnunar
- Hátt varðveislugildi
- Miðlungs varðveislugildi
- Lágt varðveislugildi
- Hús byggð eftir 1940

Varðveislumat

Innan hverfanna eru tólf hús sem falla undir lög um menningarminjar og ber að varðveita í samræmi við lög og reglugerðir þar um.

Í VII kafla laga um menningarminjar, nr. 80/2012 með síðari breytingum, er tekur til verndunar og varðveislunna húsa og mannvirkja, gildir eftirfarandi:

■ 29. gr. Friðuð mannvirki.

Öll hús og mannvirki sem byggð voru árið 1923 eða fyrr eru friðuð.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Stofnuninni er heimilt að setja

skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

■ **30. gr.** Verndun annarra húsa og mannvirkja.

Eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1940 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits hjá Minjastofnun Íslands með minnst sex vikna fyrirvara ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja þau eða rífa. Minjastofnun Íslands skal innan fjögurra vikna frá því að erindi berst tilkynna viðkomandi aðilum um álit sitt. Stofnuninni er heimilt að leggja til skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa og mannvirkja, svo og forráðamenn kirkna, sem fjallað er um í þessari grein leiti eftir áliti Minjastofnunar Íslands áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Álit Minjastofnunar Íslands skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er veitt til framkvæmda sem fjallað er um í þessari grein. Í byggingarleyfi skal taka tillit til skilyrða sem Minjastofnun leggur til í áliti sínu. Sama á við um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt skipulagslögum.

Athygli vekur að ekkert húsanna innan þess svæðis sem húsakönnunin nær til eru byggð á árunum milli 1924 – 1940, en mannvirki frá þeim tíma falla undir 30.gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Ekki er gerð tillaga að verndun götummyndar eða heilda þótt innan hverfisins megi finna ágætis dæmi um íbúðarhús sem saman mynda vísi að einingu (Mánabraut 4 – 8, Víkurbraut 2-6).

Bæði hverfin (Bakkar og Fit) liggja upp að svæðið sem fellur undir *Verndarsvæði í byggð*. Nær það frá Víkurbraut 16 í austri og tekur til húsa norðan Víkurbrautar til og með bátaskýlisins við Víkurbraut 40a, auk húsa númer 21 (Halldórsbúð), 21a, 17 (Skaftellingabúð), 19, 11 og 11a, sem eru sunnan Víkurbrautar.

Í kverkinni, við Víkurbraut og Bakkabraut standa ein elstu hús Víkur. Mikilvægt að áhersla verði lögð á að vernda svipmót byggðarinnar og að framtíðarstefna sem lögð verður fyrir hverfin rími við markmið verndarsvæðisins, enda tengjast hverfin sömu sögu.

Heimildaskrá

Byggðastofnun. (11 1990). *byggdastofnun.is*. Sótt frá

<https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/myrdalshreppur.pdf>.

Gata ehf arkitektaþjónusta. (1999). *húsakannanir*. Sótt frá minjastofnun.is:

<https://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/Husakonnun-Gotu-1999.pdf>

ja.is. (21. nóvember 2022). Sótt frá

<https://ja.is/kort/?type=aerialnl&x=499408&y=323682&nz=15.22>.

Kjartan Ólafsson. (1988). *Rit Vestur-Skaftfellinga, 4.bindi*. Vík: Arnarfell.

Landmótun. (16. 04 2019).

https://www.minjastofnun.is/media/husakannanir/SV1702_Vik_husakonnun_2019-04-16.pdf. Sótt frá minjastofnun.is: <http://www.minjastofnun.is>

Menningarminjar, aldursfriðun húsa og mannvirkja, 80/2012 (Löggjafarþing 16. 12 2022).

Skipulagslög. (22. 09 2010). Sótt frá Alþingi: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>

Teiknistofa skipulagsins. (13. júlí 1977). Vík í Mýrdal aðalskiuplag '75-'95. Reykjavík.

VSÓ ráðgjöf. (05. 03 2013). *Aðalskiuplag Mýrdalshrepps*. Sótt frá Skipulagsstofnun:

<http://skipulagsaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/display.aspx?countyno=8508>

Ljósmyndir

Ljósmyndir á forsiðu og innsíðum: Urban arkitektar, Gunnþóra Guðmundsdóttir 2022, ef annars er ekki getið.

Húsakönnun, yfirlit

Hér á eftir fer hin eiginlega húsakönnun. Húsum er raðað eftir götum í eftirfarandi röð:

<u>Götuheiti</u>	<u>frá bls.</u>
Bakkabraut	1
Árbraut	15
Mýrabraut	20
Víkurbraut	30
Ránarbraut	41
Mánabraut	49
Sunnubraut	56

Í húsakönnuninni er einungis unnið varðveislumat á þeim mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar. Við mat á tæknilegu ástandi er stuðst við sjónrænt mat.

Eftirfarandi hús falla undir framangreint:

Bakkabraut 1

Bakkabraut 2

Bakkabraut 3

Bakkabraut 5 (áður 6a)

Bakkabraut 7 (áður 5)

Bakkabraut 9 (áður 7)

Bakkabraut 10 (áður 12)

Bakkabraut 12 (áður 12a)

Víkurbraut 8

Víkurbraut 10

Víkurbraut 12

Víkurbraut 14

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Einar Einarsson(?)
 Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Reykháfur

Núverandi

trapisuklæðning

Valmaþak

Bárujárn

Steinsteypt

Einlyft; Kjallari

Helstu breytingar:

Alger breyting á húsinu

Hönnuðir breytinga:**Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list: Lágt Húsið er nú dæmi um valmafúnkís

Menningarsögulegt gildi: Lágt Hluti eldri byggðar

Umhverfisgildi: Miðlungs Húsið stendur á áberandi stað í götummynd og er hluti af heildarmynd hennar.

Upprunalegt gildi: Lágt Miklar breytingar hafa verið gerðar og lítið hægt að merkja upprunalegt hús.

Tæknilegt ástand: Miðlungs Húsinu virðist vel við haldið.

Varðveislugildi: Lágt Húsið stendur fallega í götummynd og er eitt af fyrstu húsunum uppi á Bökkum.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:		Einlyft; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Bjarg var fyrsta húsið sem byggt var uppi í Bökkunum.

Húsinu var mikið breytt á fimmta áratugnum og eru breytingarnar það miklar að ekkert er sýnilegt af eldra húsinu.

Húsið var upphaflega talið eitthvert myndarlegasta íbúðarhús þorpsins og var reist af stórhug. Húsbyggjandinn varð gjaldþrota 1924 og það væri áhugavert að vita hvort svo myndarleg húsbygging hafi þar átt hlut að máli.

Núverandi hús er ágætt dæmi um hús undir áhrifum frá "valmafúnkís-stíll" og er vel við haldið.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Miklar breytingar hafa verið gerðar á upphaflegu húsi.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er fyrsta húsið sem byggt var á Bökkunum.
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið stendur fallega í götummynd.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er vel við haldið

Varðveislugildi: Lágt Bjarg er fyrsta húsið sem byggt er á Bökkunum og er hluti af götummynd Bakkabrautar.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Ólafur Jónsson
 Hönnuður: Jón Brynjólfsson, Ólafur Jónsson
 Upphaflegur byggingarstíll: Steinsteypuklassík

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteyp	Steinsteyp	2007 Steniklæðning 1997. Breytingar á efri hæð 2006	ókunnur
Útveggir:		Steniklæðning		
Þakgerð:		Valmaþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteyp	Steinsteyp		
Útlit:	Einlyft	Einlyft; Reykháfur		

Saga:

Jón Brynjólfsson (í Grenihlíð) byggði húsið ásamt Ólafi Jónssyni syni sínum og húseigenda.

Húsið er steinsteyp og var upphaflega með lágu risi. Síðar var þaki breytt og byggt við vesturendann að því er virðist. Þá var sett á það valmaþak enað öðru leyti ber það merki um "steinsteypuklassík", þ.e.a.s. gluggasetning o.s.f.v. Því er ekki hægt að tala um "valmafúnkis-hús" heldur einhverskonar samruna ólíkar strauma í byggingarlist. Þessar breytingar hafa eflaust verið gerðar á fimmta áratugnum og sést húsið á vel á mynd frá 1956 á bls. 145 í Dynskógum 4.

Húsið var klætt að utan með steni klæðningu árið 1997 og efri hæð þess var endurskipulögð og að öllu endurnýjuð árið 2006 ásamt þaki.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggj. list:	Lágt	Þrátt fyrir að húsinu hafi verið mikið breytt frá upphalegri gerð má enn greina upphaflegt hús.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er með eldri húsum hverfisins. Þarna bjó Ólafur Jónsson ljósmyndari.
Umhverfisgildi:	Lágt	er hluti götummyndar
Upprunalegt gildi:	Lágt	Enn má greina upphaflegt hús þrátt fyrir miklar breytingar
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu virðist hafa verið vel við haldið gegnum árin

Varðveislugildi: Lágt Húsið er hluti eldri byggðar og stendur á áberandi stað í götummynd.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd úr húsakönnun Götu ehf frá 1999



Mynd tekin ágúst árið 2022

Gerð húss: Upphafleg

Byggingarefni: Steinsteyp

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Kjallari

Núverandi

Steinsteyp

Bárujárn

Valmaþak

Bárujárn

Einlyft; Kjallari

Helstu breytingar:

allsherjar breytingar á húsinu

Hönnuðir breytinga:**Saga:**

Húsið var upphaflega einfalt valmafúnkís að forminu til. Hins vegar hefur það tekið miklum breytingum frá því árið 2000. Engar teikningar eru að finna vegna breytinganna. Af ljósmyndum má sjá að byggt hefur verið við húsið og gluggum breytt.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Erlendur Björnsson, Árni Gíslason
 Upphaflegur byggingarstíll: alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
 Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	timbur	timbur	1986 10m ² viðbygging við norðurgaffl hússins	Loftur Þorsteinsson, byggingatæknifræðingur
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Tvilyft; Reykháfur	Tvilyft; Útitróppur; Viðbygging		

Saga:

Laufás er upphaflega byggt sem parhús, líkt og mörg hús í Vík, úr timbri á steiptum kjallara sem mætti kalla jarðhæð. Húsinu hefur talsvert verið breytt. Hefur verið byggt við austurendann, gluggum breytt og klæðningin nær yfir steipta neðri hæð hússins. Bakkabraut lá einu sinni neðan húss og aðkoma að því þaðan í dag. Húsið stendur því með götu þétt að á báða bóga. Það væri vel gerlegt að færa húsið til upprunalegs horfs

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er ágætis fulltrúi byggingarlistar síns tíma
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Húsið er hluti af byggðarmyndinni og eitt af fyrstu húsunum sem byggð voru á Bökkunum
Umhverfisgildi:	Lágt	Húsið er áberandi í götmyndinni.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið mikið breytt
Tæknilegt ástand:	Lágt	Tímabært er að huga að endurbótum á húsinu.

Varðveislugildi: Lágt Með fyrstu húsunum sem byggð voru í hverfinu, uppi á Bökkum.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Þjónusta

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Núverandi

Bárujárn

Mænisþak

Bárujárn

Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
 Hönnuður: Ekki þekktur
 Upphaflegur byggingarstíll: alþýðuhús

Upphafleg notkun:
 Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt	Breytt í valmafúnkís kringum 1947	
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Valmapak	1983 Bílskýli, byggt við bílskúr	Óþekktur
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:			1988 Anddyri hússins breytt	Óþekktur, 1988
Útlit:	Einlyft	Einlyft; Reykháfur; Útitróppur; Kjallari		

Saga:

Af gömlum ljósmyndum má greina að Fagurhóll var upphaflega einfalt íbúðarhús úr steinsteypu með gaflaa í austur og vestur. Bíslag var norðanmegin en sunnanmegin nokkuð sérkennilegur kvistur. Á fimmta áratugnum var húsinu gjörbreytt með þeim hætti að ekkert sýnilegt af húsinu sem fyrir var. Í dag er húsið ágætt dæmi um valmafúnkís. Grunnurinn er ferningur og skorsteinn í miðju sem var nokkuð algengt húsform á þeim tíma.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er ágætis dæmi um valmafúnkís
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hluti íbúðarhúsa við götuna
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Hluti götumyndar
Upprunalegt gildi:	Lágt	Húsinu hefur verið breytt frá upphaflegri gerð.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Kominn er tími á viðhald hússins.

Varðveislugildi: Lágt Húsið er í grunninn frá árinu 1920 en hefur verið breytt í valmafúnkís.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: bílskúr
Núverandi notkun: bílskúr

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Núverandi

Bárujárn

Einhalla (skúrþak)

Bárujárn

Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfigildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Jón Brynjólfsson, forsmiður
Upphaflegur byggingarstíll: alþýðuhús

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:		Bárujárn		
Þakgerð:		Mænisþak		
Þakklæðning:		Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft	Einlyft; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Húsið stóð áður á Skálmabæjarhraunum í Álftaveri en eftir Kötluhlaupið árið 1918 lagðist byggð þar af. Tveimur árum síðar flutti Benedikt Einarsson húsviðina til Víkur og reisti húsið á þessu stað og kallaði Fögrubrekku. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvenær húsinu var breytt en þó nokkrar breytingar hafa átt sér stað í tímans rás. Í húsinu voru áður tvær íbúðir.
Minjastofnun Íslands hefur veitt heimild fyrir niðurrífi hússins.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	Húsið er ágætis fulltrúi timburhúsa frá því í kringum 1920
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Húsið er flutningshús og ágætis dæmi um hvernig hús og efniviður þeirra var nýttur
Umhverfisgildi:	Lágt	Íbúðarhúsið liggur áberandi í götu og setur sérstakan svip á götumyndina
Upprunalegt gildi:	Lágt	Mikið breytt frá upphaflegri gerð
Tæknilegt ástand:	Lágt	

Varðveislugildi: Lágt Húsið hefur umhverfisgildi og setur svip í götumynd.

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjólublár litur á korti

Fyrsti eigandi: Erlendur Björnsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Erlendur Björnsson, Einar Erlendsson, smiður Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll:



Ljósmynd: húsakönnun, Gata efh. 1999



Ljósmynd tekin í ágúst árið 2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	timbur	timbur	Kvistur	
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak	Viðbygging við vesturenda	
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft; Útitróppur; Kjallari	Einlyft; Kvistir; Ris; Útitróppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Grund stóð lengi efst húsa í kaupúninu og er ágætt dæmi um íslenska bárujárnsklassík. Af gömlu húsunum þá er það stærsta íbúðarhúsið. Ekki eru nákvæmar heimildir um tilkomu kvist eða viðbyggingu við vestur gaff hússins.

Húsið skiptist í tvo eignarhluta og hefur verið svo um hríð og má því segja að það sé parhús eins og svo mörg önnur hús í Vík.

Húsið smíðaði Erlendur Björnsson ásamt Einari syni sínum og er þetta stærsta og jafnframt ein síðasta húsbygging sem hann kom að.

Erlendur átti vesturhluta hússins og andaðist hann þar árið 1927.

Húsinu er ennþá skipt upp í tvær eignir og ber þess greinilegt vitni. Viðbyggingin fer ekki sem best en hefur stækkað vestari eignarhlutan svo um munar og virðist hafa stækkað með nokkurra áratuga millibili.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Miðlungs	Húsið er gott dæmi um byggingarstíl síns tíma.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Grund er eitt stæðsta húsið sem byggt var í hverfinu á þessum tíma og ber vitni um stórhug manna á þeim tíma.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Húsið stendur vel í landi og hefur haldið upprunalegri mynd sinni. Þó verður að geta þess að viðbygging við vesturenda rýrir heildarsvip byggingarinnar.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Gamla húsið, Grund, hefur haldið upprunalegum einkennum sínum að frátalinni viðbyggingu við vesturenda hússins.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Við sjónrænt mat má greina að viðhald er nú orðið þarft.

Varðveislugildi: Miðlungs Húsið er reisulegt timburhús og er ágætis fulltrúi byggingarlistar síns tíma

Verndarflokkar: Friðuð hús - fjóluþálur litur á korti

Fyrsti eigandi: Erlendur Björnsson

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Erlendur Björnsson, Einar Erlendsson, smiður Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll:



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	timbur	timbur	Stækkun	
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:				
Útlit:	Einlyft; Kjallari	Einlyft; Inngönguskúr (bíslag); Kvistir; Ris; Útitróppur; Viðbygging; Kjallari		

Saga:

Viðbygging við húsið við Bakkabraut 12 virðist koma fljótlega eftir byggingu þess árið 1922. Skv heimildum andast Erlendur í húsinu árið 1927.

Af ljósmyndum má sjá að upprunaleg viðbygging var lítið timburhús sem hefur nú stækkað í tímans rás.

Yngsti hluti viðbyggarinnar er steinsteypt en ekki eru heimildir hvenær hún var byggð. Af ljósmyndum má sjá að viðbygging hefur stækkað töluvert milli árana 1999 og fram til 2022.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:	Lágt	látlaus viðbygging sem hefur stækkað í tímans rás.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	viðbygging við aðalíbúðarhús á lóðinni.
Umhverfisgildi:	Lágt	
Upprunalegt gildi:	Lágt	Upphafleg viðbygging hefur tekið töluverðum breytingum gegnum árin.
Tæknilegt ástand:	Lágt	komið er að viðhaldi

Varðveislugildi:	Lágt	Upphafleg viðbygging hússins fellur á bak við seinni tíma stækkun hennar sem er af öðrum toga og tekur lítið tillit til eldri bygginga á lóðinni. Varðveislugildið felst því í eldri hluta
Verndarflokkar:	Friðuð hús - fjóluþlár litur á korti	

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Magnús Ingi Ingvarsson, Halldór Halldórsson,

Núverandi notkun: Íbúð

byggingatæknifræðingur

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteyp
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Reykháfur;
Útitröppur; Kjallari

Núverandi

Steinsteyp
Steniklæðning
Flatt þak
Bárújárn

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: BG
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Reykháfur;
Kjallari

Núverandi

Timbur

Valmápak

Einlyft; Reykháfur;
Svalir; Útitróppur;
Kjallari; innbyggður
bílskúr

Helstu breytingar:

1999 Ytra útliti breytt

2006 Vindfang framan við aðaldyr hússins

Hönnuðir breytinga:

BG

Saga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Hönnuður: Svanur Brandsson, byggingatæknifræðingur

Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð

Núverandi notkun:

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Timbur, bindingsverk

Útveggir: Bárújárn

Þakgerð: Mænisþak

Þakklæðning: Bárújárn

Undirstaða:

Útlit: Einlyft; Inngönguskúr
(bísлаг); Svalir; Kjallari**Núverandi**

Timbur, bindingsverk

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Nýbyggt.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Sigurður Guðmundsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: timbur
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi

timbur
Bárujárn
Mænisþak
Bárujárn
Steinsteypt
Tvílyft; Ris; Svalir;
Útitróppur

Helstu breytingar:

2005 Stækkun húss ásamt innbyggðum
bílskúr

Hönnuðir breytinga:

Loftur Þorsteinsson,
byggingatækniþræðingur

Saga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð



Mynd: húsakönnun Götu efh. árið 1999



Mynd, ágúst árið 2022

Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi
Byggingarefni:		
Útveggir:		Timbur
Þakgerð:		Valmaþak
Þakklæðning:		Bárujárn
Undirstaða:		
Útlit:	Einlyft	Einlyft; Útitróppur

Helstu breytingar:
1999 Vindfang á norðurhlíð

Hönnuðir breytinga:
Sveinn Pálsson,
verkfræðingur

Saga:

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: bílskúr
Núverandi notkun:

**Gerð húss: Upphafleg****Núverandi****Helstu breytingar:****Hönnuðir breytinga:**

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit: Einlyft

Saga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun:
Núverandi notkun: Íbúð; Iðnaður

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:
Útveggir:
Þakgerð:
Þakklæðning:
Undirstaða:
Útlit:

Núverandi

Ál
Einhalla (skúrþak)
Bárujárn
Einlyft; Reykháfur;
Kjallari

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Karl Ragnarsson
Upphaflegur byggingarstíll:

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: bílskúr

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni:

Útveggir:

Þakgerð:

Þakklæðning:

Undirstaða:

Útlit: Einlyft

Núverandi

plastklæðning

Einhalla (skúrþak)

Bárujárn

Einlyft

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki þekktur
Upphaflegur byggingarstíll: Funksjónalismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir:
Þakgerð: Valmaþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða:
Útlit: Einlyft; Reykháfur

Núverandi

Steinsteipt
báruklæðning
Valmaþak
Bárújárn
Einlyft; Reykháfur;
Kjallari

Helstu breytingar:

Einangrað að utan og klætt bárustáli,
ártal óvitað

Hönnuðir breytinga:**Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi: Lág

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Hilmar Ólafsson
Upphaflegur byggingarstíll: Móðernismi

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: Steinsteipt
Útveggir: Múrsléttað
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteipt
Útlit: Einlyft; Reykháfur

Núverandi

Steinsteipt
Múrsléttað
Mænisþak
Bárújárn
Steinsteipt
Einlyft; Reykháfur

Helstu breytingar:**Hönnuðir breytinga:****Saga:****Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Stefán Þ. Ingólfsson, arkitekt
Upphaflegur byggingarstíll: óræðinn byggingarstíll

Upphafleg notkun: Íbúð
Núverandi notkun: Íbúð



Gerð húss:	Upphafleg	Núverandi	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	timbur einingar	timbur einingar		
Útveggir:	Múrsteinsklæðning	steinflísar		
Þakgerð:	Margvísleg gerð	Mænisþak		
Þakklæðning:	Mótaðar málmplötur	skífur		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft; Innbyggður bílskúr	Einlyft; Ris		

Saga:**Varðveislumat:**

Listrænt gildi / Bygg.list:

Menningarsögulegt gildi:

Umhverfisgildi:

Upprunalegt gildi:

Tæknilegt ástand:

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:

Upphafleg notkun: Íbúð

Hönnuður: Samúel Smári Hreggviðsson, tæknifræðingur

Núverandi notkun: Íbúð

Upphaflegur byggingarstíll: Nýtt timburhús

**Gerð húss: Upphafleg**

Byggingarefni: timbur
Útveggir: Bárújárn
Þakgerð: Mænisþak
Þakklæðning: Bárújárn
Undirstaða: Steinsteyp
Útlit: Einlyft

Núverandi

